Nr. 428 30. apríl 2010

# REGLUGERÐ

**um gjaldtöku vegna tjaldstæða og þjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði.**

1. gr.

Gjaldtaka er heimil innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu, eftir því sem nánar er kveðið á um í 2. og 3. gr. Virðisaukaskattur er innifalinn í gjaldi.

2. gr.

Gjald fyrir einn í gistingu í eina nótt á tjaldstæði í tjaldi, fellihýsi, hjólhýsi eða húsbíl:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Almennt gjald | kr. | 950 |
| 2. | 13 til 16 ára börn, í fylgd með fullorðnum | kr. | 500 |
| 3. | Örorkulífeyrisþegar | kr. | 500 |
| 4. | Ellilífeyrisþegar (67 ára og eldri) | kr. | 750 |

Aðgangur 12 ára og yngri barna, í fylgd með fullorðnum, að tjaldstæði er gjaldfrjáls.

3. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sturtugjald, eitt skipti | kr. | 300 |
| 2. | Rafmagn fyrir húsbíl, einn sólarhringur | kr. | 600 |
| 3. | Afnot af þvottavél, eitt skipti | kr. | 500 |
| 4. | Afnot af þurrkara, eitt skipti | kr. | 500 |
| 5. | Tjaldleiga, einn sólarhringur | kr. | 2.000 |
| 6. | Sértæk þjónusta við ferðamenn skv. beiðni, sem felur í sér sérstakt vinnuframlag af hálfu starfsmanna þjóðgarðsins og akstur | kr. | 9.000 hver klst. |

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um gjaldtöku vegna tjaldstæða og þjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði, nr. 530/2009.

*Umhverfisráðuneytinu, 30. apríl 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 18. maí 2010